



SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐUR

Kt. 560269-4559 – Sími: 470 2300 – Fax: 472 1588

Pósthólf 15 – Hafnargata 44 – 710 Seyðisfjörður

Netfang: sfk@sfk.is – Veffang: www.seydisfjordur.is

Reglur Seyðisfjarðarkaupstaðar um tímabundna niðurfellingu gatnagerðargjalda.

1.gr. Almennt

Skortur á íbúðahúsnæði í Seyðisfjarðarkaupstað og talsvert framboð á tilbúnum lóðum til byggingaframkvæmda er ástæða þessa tímabundna verkefnis. Það er von bæjarstjórnar Seyðisfjarðarkaupstaðar að það ýti undir nýbyggingar íbúðarhúsnæðis í bænum.

Með reglum þessum eru gatnagerðargjöld tímabundið felld niður af tilbúnum lóðum til byggingar íbúðahúsnæðis.

2. gr. Markmið og gildissvið

Markmið með þessum reglum er að ýta undir nýbyggingar í bænum. Bæjarstjórn vonast til þess að tímabundin niðurfelling gatnagerðargjalda leiði til aukins framboðs á íbúðarhúsnæði, bæði til eignar og leigu, en ásókn í tilbúnar lóðir hefur verið lítil undanfarin misseri.

3. gr. Skilyrði

Niðurfelling gatnagerðargjalda nær eingöngu til íbúðarhúsnæðis og leigufélaga íbúðarhúsnæðis sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni. Óheimilt er að nýta húsnæði, sem fengið hefur gatnagerðagjöld niðurfelld, til starfssemi sem útheimtir starfsleyfi. Gildir takmörkun þessi í fimm ár frá lokaúttekt húsnæðis.

Þinglýsa skal kvöð á húsnæði sem fengið hefur gatnagerðargjald niðurfelld, um að geiða skuli gatnagerðargjald af því ef það fellur af einhverjum ástæðum ekki lengur undir 1. mgr. Stafi það af útgáfu starfsleyfis, breyttri notkun eða öðru sem er háð samþykki og/eða umsögn byggingaryfirvalda, er gjalddaginn 30 dögum eftir að forsendur niðurfellingar gatnagerðargjalds er ekki lengur fyrir hendi og eindagi einum mánuði síðar. Kvöð þessi er tímabundin og fellur hún brott að 5 árum liðnum við lokaúttekt húsnæðis.

4. gr. Gildistími

Tímabundin niðurfelling gatnagerðargjalda gildir í 12 mánuði frá samþykkt reglna þessara.

5. gr. Staðfestingargjald

Lóðarhafi greiðir kr. 100.000 staðfestingargjald við úthlutun lóðar sem endurgreiðist við útgáfu byggingarleyfis. Lóðarhafi greiðir tengigjöld vatnsveitu og fráveitu.

6. gr.
Gildistaka

Reglur þessar eru settar á grundvelli 6. gr. Laga nr. 153/2006 um gatna-gerðargjald og öðlast gildi þegar í stað.

Samþykkt af bæjarráði Seyðisfjarðarkaupstaðar þann 6. júní 2019 með vísan í 11. Lið 1750.
Fundargerð bæjarstjórnar frá 3. Júní 2019.

Aðalheiður Borgþórsdóttir, bæjarstjóri